

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2022, miðvikudaginn 9. febrúar kl. 9:01, var haldinn 128. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn með fjarfundarbúnaði. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Pawel Bartoszek, Hjálmar Sveinsson, Eyþór Laxdal Arnalds, Ólafur Kr. Guðmundsson og Katrín Atladóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Ragna Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Anna Maria Wojtynska, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir og Jóhanna Guðjónsdóttir. Eftirtalinn starfsmaður sat fundinn með rafrænum hætti: Borghildur Sölvey Sturludóttir og Gunnar Hersveinn Sigursteinsson. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. Kosning í skipulags- og samgönguráð, - Mál nr. US200285
USK2018060045

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 7. febrúar 2021, þar sem tilkynnt er að Ragna Sigurðardóttir taki sæti í skipulags- og samgönguráði í stað Arons Leví Beck og að Aron Leví Beck taki sæti sem varamaður í ráðinu í stað Heiðu Bjargar Hilmisdóttur. Jafnframt er tilkynnt að Anna Wojtynska taki sem áheyrnarfulltrúi í ráðinu í stað Daníels Arnar Arnarsonar.

(A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070
Reykjavíkur, fundargerð

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. febrúar 2022.

3. Hverfisskipulag, Laugardalur 4.1 (04.1) Mál nr. SN220068
Laugarnes, kynning

Kynning á drögum um framtíðarsýn hverfisskipulags Laugardals hverfi 4.1.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Verið er að undirbúa mjög metnaðarfullt samráðsferli við íbúa, hagsmunaaðila og opinbera umsagnaraðila við þróun hverfisskipulags Laugardals á öllum stigum vinnunnar í þremur fösum byggt á nýrri lýðræðisstefnu Reykjavíkur um að hlusta, rýna, breyta og miðla. Þau gögn sem verða til í samráðsferlinu eru nýtt til að leggja grunn að, bæta og þróa hverfisskipulagið en farið er af stað með autt blað fyrir utan forsendur aðalskipulags. Hefur það sýnt sig að raddir íbúa eru teknar mjög alvarlega við mótun hverfisskipulagsins en kjarni hverfisskipulagsins eru einmitt þessi lýðræðislegu vinnubrögð við að fá fram vilja íbúa um framtíð hverfisins, skapa skýra framtíðarsýn og auka jafnræði og gagnsæi í kringum heimildir til að breyta og betrubæta húsnæði.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hverfisskipulag Laugardals nær yfir stóran borgarluta sem umlykur Laugardalinn allt til sjávar. Miklar breytingar eru að verða á þessu svæði

og því mikil tækifæri í þróunarreitum, ekki síst í tengslum við breytingar á Sæbraut, Sundabraut og grænum tengingum á hverfishlutum.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ég styð alla íþróttaskóla og leikskólauppbyggingu í Reykjavík. Laugardalurinn er eitt af flaggskipum borgarinnar hvað varðar græn svæði. Það er afleitt að blanda saman íþróttuppbyggingu, umræðu um græn svæði og samgöngumálum. Hér er verið að kynna stórfellda uppbyggingu við Suðurlandsbraut vegna borgarlínu á kostnað Laugardalsins. Orðrétt í tillögunni segir: „Í tillögunum er mælt með því að endurskoða áform um uppbyggingu samfelldrar byggðar meðfram Suðurlandsbraut og bent á að hún geti farið vel á völdum afmörkuðum stöðum, s.s. við stöðvar Borgarlínu.“ Hér er verið að stilla öllum upp við vegg. Loka á Engjavegi fyrir umferð sem þýðir það eitt að umferðin fer út í hverfin sem liggja að vellinum. Boðað er að taka eigi akreinar af Suðurlandsbrautinni vegna borgarlínu. Svæðið verður ein umferðarstappa. Ég mótmæli harðlega að þessi mál eru sett fram sem sama tillagan sem hælkrókur á alla.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því hvernig samráðsferlið er kynnt. Sagt er að byrja á með autt blað. En einnig er tekið fram að forsendurnar frá aðalskipulaginu eru komnar á blað og með því er gefið í skyn að þeim verði ekki breytt. Sú staða gæti komið upp að íbúar líki ekki við forsendurnar og hvað þá? Ætla skipulagsyfirvöld að vera tilbúin að hlusta á það og breyta þeim ef margir telja það nauðsynlegt og mikilvægt? Ekki er munað eftir því að lögð hafi verið svona mikil áhersla á samráð a.m.k. það ekki kynnt með þessum hætti. Fulltrúi Flokks fólksins vill trúa að dropinn hafi hér holað steinninn en Flokkur fólksins hefur oft talað um að bæta þarf samráð þannig að borgarbúinn og íbúinn finni að taka á mark á honum en ekki aðeins að tilkynna honum. Samráðsferlið sem snýr að krökkunum í hverfinu lítur vel út. Hafa á skapandi samráð og fræðslu um skipulagsmál. Fulltrúi Flokks fólksins vill hafa varann á hér að ekki eigi að innræta börnin um einhverja hugmyndafræði heldur veita þeim hlutlausu fræðslu. Ef margir standa að baki ákveðnum mótmælum á að hlusta á það og reyna að mæta fólki á miðri leið eða hætta við framkvæmd og endurskoða hana.

Ævar Harðarson, deildarstjóri hverfisskipulags, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Hverfisskipulag, Laugardalur 4.2 (04.2) Mál nr. SN220069
Kleppsholt, kynning

Kynning á drögum um framtíðarsýn hverfisskipulags Laugardals hverfi 4.2.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Verið er að undirbúa mjög metnaðarfullt samráðsferli við íbúa, hagsmunaaðila og opinbera umsagnaraðila við þróun hverfisskipulags Laugardals á öllum stigum vinnunnar í þremur fösum byggt á nýrri lýðræðisstefnu Reykjavíkur um að hlusta, rýna, breyta og miðla. Þau gögn sem verða til í samráðsferlinu eru nýtt til að leggja grunn að, bæta og þróa hverfisskipulagið en farið er af stað með autt blað fyrir utan forsendur aðalskipulags. Hefur það sýnt sig að raddir íbúa eru teknar mjög alvarlega við mótun hverfisskipulagsins en kjarni hverfisskipulagsins eru einmitt þessi lýðræðislegu vinnubrögð við að fá fram vilja íbúa um framtíð hverfisins, skapa skýra framtíðarsýn og auka jafnræði og gagnsæi í kringum heimildir til að breyta og betrubæta húsnæði.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hverfisskipulag Laugardals nær yfir stóran borgarluta sem umlykur Laugardalinn allt til sjávar. Miklar breytingar eru að verða á þessu svæði og því mikil tækifæri í þróunarreitum, ekki síst í tengslum við breytingar á Sæbraut, Sundabraut og grænum tengingum á hverfishlutum.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ég styð alla íprótta- skóla og leikskólauppbyggingu í Reykjavík. Laugardalurinn er eitt af flaggskipum borgarinnar hvað varðar græn svæði. Það er afleitt að blanda saman ípróttauppbyggingu, umræðu um græn svæði og samgöngumálum. Hér er verið að kynna stórfellda uppbyggingu við Suðurlandsbraut vegna borgarlínu á kostnað Laugardalsins. Orðrétt í tillögunni segir: „Í tillögunum er mælt með því að endurskoða áform um uppbyggingu samfelldrar byggðar meðfram Suðurlandsbraut og bent á að hún geti farið vel á völdum afmörkuðum stöðum, s.s. við stöðvar Borgarlínu.“ Hér er verið að stilla öllum upp við vegg. Loka á Engjavegi fyrir umferð sem þýðir það eitt að umferðin fer út í hverfin sem liggja að vellinum. Boðað er að taka eigi akreinar af Suðurlandsbrautinni vegna borgarlínu. Svæðið verður ein umferðarstappa. Ég mótmæli harðlega að þessi mál eru sett fram sem sama tillagan sem hælkrókur á alla.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því hvernig samráðsferlið er kynnt. Sagt er að byrja á með autt blað. En einnig er tekið fram að forsendurnar frá aðalskipulaginu eru komnar á blað og með því er gefið í skyn að þeim verði ekki breytt. Sú staða gæti komið upp að íbúar líki ekki við forsendurnar og hvað þá? Ætla skipulagsyfirvöld að vera tilbúin að hlusta á það og breyta þeim ef margir telja það nauðsynlegt og mikilvægt? Ekki er munað eftir því að lögð hafi verið svona mikil áhersla á samráð a.m.k. það ekki kynnt með þessum hætti. Fulltrúi Flokks fólksins vill trúa að dropinn hafi hér holað steinninn en Flokkur fólksins hefur oft talað um að bæta þarf samráð þannig að borgarúinn og íbúinn finni að taka á mark á honum en ekki aðeins að tilkynna honum. Samráðsferlið sem snýr að krökkunum í hverfinu lítur vel út. Hafa á skapandi samráð og fræðslu um skipulagsmál. Fulltrúi Flokks fólksins vill hafa varann á hér að ekki eigi að innræta börnin um einhverja hugmyndafræði heldur veita þeim hlutlausu fræðslu. Ef margir standa að baki ákveðnum mótmælum á að hlusta á það og reyna að mæta fólki á miðri leið eða hætta við framkvæmd og endurskoða hana.

Ævar Harðarson, deildarstjóri hverfisskipulags, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Hverfisskipulag, Laugardalur 4.3 Vogar, (04.3) Mál nr. SN220070 kynning

Kynning á drögum um framtíðarsýn hverfisskipulags Laugardals hverfi 4.3.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Verið er að undirbúa mjög metnaðarfullt samráðsferli við íbúa, hagsmunaaðila og opinbera umsagnaraðila við þróun hverfisskipulags Laugardals á öllum stigum vinnunnar í þremur fösum byggt á nýrri lýðræðisstefnu Reykjavíkur um að hlusta, rýna, breyta og miðla. Þau gögn sem verða til í samráðsferlinu eru nýtt til að leggja grunn að, bæta og þróa hverfisskipulagið en farið er af stað með autt blað fyrir utan forsendur aðalskipulags. Hefur það sýnt sig að raddir íbúa eru teknar mjög alvarlega við mótun hverfisskipulagsins en kjarni hverfisskipulagsins eru einmitt

Þessi lýðræðislegu vinnubrögð við að fá fram vilja íbúa um framtíð hverfisins, skapa skýra framtíðarsýn og auka jafnræði og gagnsæi í kringum heimildir til að breyta og betrubæta húsnæði.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hverfisskipulag Laugardals nær yfir stóran borgarluta sem umlykur Laugardalinn allt til sjávar. Miklar breytingar eru að verða á þessu svæði og því mikil tækifæri í þróunarreitum, ekki síst í tengslum við breytingar á Sæbraut, Sundabraut og grænum tengingum á hverfishlutum.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ég styð alla íþrótt- skóla og leikskólauppbyggingu í Reykjavík. Laugardalurinn er eitt af flaggskipum borgarinnar hvað varðar græn svæði. Það er afleitt að blanda saman íþróttuppbyggingu, umræðu um græn svæði og samgöngumálum. Hér er verið að kynna stórfellda uppbyggingu við Suðurlandsbraut vegna borgarlínu á kostnað Laugardalsins. Orðrétt í tillögunni segir: „Í tillögunum er mælt með því að endurskoða áform um uppbyggingu samfelldrar byggðar meðfram Suðurlandsbraut og bent á að hún geti farið vel á völdum afmörkuðum stöðum, s.s. við stöðvar Borgarlínu.“ Hér er verið að stilla öllum upp við vegg. Loka á Engjavegi fyrir umferð sem þýðir það eitt að umferðin fer út í hverfin sem liggja að vellinum. Boðað er að taka eigi akreinar af Suðurlandsbrautinni vegna borgarlínu. Svæðið verður ein umferðarstappa. Ég mótmæli harðlega að þessi mál eru sett fram sem sama tillagan sem hælkrókur á alla.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því hvernig samráðsferlið er kynnt. Sagt er að byrja á með autt blað. En einnig er tekið fram að forsendurnar frá aðalskipulaginu eru komnar á blað og með því er gefið í skyn að þeim verði ekki breytt. Sú staða gæti komið upp að íbúar líki ekki við forsendurnar og hvað þá? Ætla skipulagsyfirlönd að vera tilbúin að hlusta á það og breyta þeim ef margir telja það nauðsynlegt og mikilvægt? Ekki er munað eftir því að lögð hafi verið svona mikil áhersla á samráð a.m.k. það ekki kynnt með þessum hætti. Fulltrúi Flokks fólksins vill trúna að dropinn hafi hér holað steinninn en Flokkur fólksins hefur oft talað um að bæta þarf samráð þannig að borgarúinn og íbúinn finni að taka á mark á honum en ekki aðeins að tilkynna honum. Samráðsferlið sem snýr að krökkunum í hverfinu lítur vel út. Hafa á skapandi samráð og fræðslu um skipulagsmál. Fulltrúi Flokks fólksins vill hafa varann á hér að ekki eigi að innræta börnin um einhverja hugmyndafræði heldur veita þeim hlutlausu fræðslu. Ef margir standa að baki ákveðnum mótmælum á að hlusta á það og reyna að mæta fólki á miðri leið eða hætta við framkvæmd og endurskoða hana.

Ævar Harðarson, deildarstjóri hverfisskipulags, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. KR svæðið - Frostaskjól 2-6, nýtt (01.516.9) Mál nr. SN210824 deiliskipulag

Lögð fram leiðrétt tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi fyrir KR svæðið. Í tillögunni felast markmið um að bæta aðstöðu KR til íþrótt og félagsstarfsemi með byggingu íþrótt og þjónustubygginga. Auk þess eru áform um að auka fjölbreytni svæðisins með byggingu íbúða á jöðrum lóðarinnar í samræmi við markmið aðalskipulagsins samkvæmt uppdráttum ASK Arkitekta ehf. og Bj. Snæ slf. dags. 5. janúar 2022. Einnig er lagt fram minnisblað Alta dags. 28. desember 2018, drög að húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur ódags., Samgöngumat Eflu dags. 5. nóvember 2021 og samkomulag á milli

Reykjavíkurborgar og KR vegna uppbyggingar á svæðinu dags. 20. maí. 2021.
Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að leggja til þéttingu byggðar meðfram KR-svæðinu. Aðalvelli félagsins er snúið um 90 gráður og við það skapast tækifæri til að byggja upp íbúðir og þjónustu á jarðhæð meðfram Flyðrugranda og Kaplaskjólsvægi. Öll viðmið um bílastæði eru í samræmi við bílastæðastefnu borgarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir nýju fjölnota íþróttahúsi á miðju svæðinu, sem er í takti við forgangsróðun Reykjavíkur og ÍBR um uppbyggingu íþróttamannvirkja. Við fögnum þessum hugmyndum sem nú fara í formlegt umsagnarferli.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er fagnaðarefni að nú séu loks komnar fram hugmyndir um uppbyggingu á KR svæðinu og þær fái þá kynningu hjá íbúum. Það er mikilvægt að innviðir séu tryggðir samhliða fjölgun íbúða, enda er skortur á leikskólarýmum í vesturbænum og skólar aðþrengdir. Þá er nauðsynlegt að næg bílastæði séu til staðar fyrir íbúa og gesti.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Nú stendur til að girða KR völlinn af með íbúðabyggð. Innviðir Vesturbæjarins þola ekki þá uppbyggingu. Fyrirhugað byggingamagn er allt að 20 þúsund fermetrar meðfram Kaplaskjólsvægi og Meistaravöllum í 3-4 hæða háum byggingum sem yrðu áfastar fyrirhugaðri áhorfendastúku. Blanda á saman uppbyggingu á svæðinu við bætingu á núverandi íþróttastaðstöðu. Hér er verið að notast við Vals/Hlíðarendamódelið. Það er meiriháttar óeðlilegt að tengja uppbyggingu íþróttastarfs í borginni við þrengingarstefnu borgarstjóra með tilheyrandi skuggavarpi og skerðingu á lífsgæðum sem af því hlýst.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillögurnar segja að framundan eru viðamiklar breytingar á deiliskipulagi. Fyrirhugað er að nýta hluta af íþróttasvæði félagsins við Frostaskjól fyrir uppbyggingu og er til skoðunar að opna á heimildir fyrir verslun og þjónustu, íbúðir eða atvinnuhúsnæði á svæðinu Hugmyndir ganga út á að bæta um leið við núverandi íþróttastaðstöðu og að auki byggja allt að 20 þúsund fermetra af öðru húsnæði, meðfram Kaplaskjólsvægi og Meistaravöllum í 3-4 hæða háum byggingum sem yrðu áfastar fyrirhugaðri áhorfendastúku. Völlurinn verður rammaður inn með húsum. Hvernig verður með aðgengi/bílastæði þegar eru fjölmennir leikir? Vanda þarf hér til verka, en líta á á þetta sem fyrstu tillögur og ræða enn betur við íbúa í kringum svæðið. Markmið er að bæta félagsaðstöðu sem hlýtur að vera aðalatriðið. Í ljósi áætlunar um mikla þéttingu allt um kring má ætla að mikil umræða þurfi að vera um þessar tillögur og nú reynir á hæfileika meirihlutans að „hlusta“. Hér hefði kannski verið betra að byrja með auðara blað? Sennilega eru flestir hlyntir einhverri þéttingu en gengið hefur verið víða of langt í borginni í ákafanum að þetta þannig að borgarbúum, mörgum, þykir nóg um.

Björn Ingi Edvardsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

7. Hlíðarendi - Reitir G, H og I, breyting á (01.62) Mál nr. SN210489
deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn ASK Arkitekta dags. 1. júlí 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna reita G, H og I. Í breytingunni felst að breyta lóðum G og H úr atvinnulóðum í íbúðalóðir, breyta opnu svæði til bráðabirgða í íbúðalóð, I, fjölga íbúðum og breyta bílastæðakröfum til samræmis við bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar, samkvæmt uppdrætti ASK Arkitekta ehf. dags. 24. júní 2021, br. 7. febrúar 2022. Einnig er lagt fram samgöngumat Eflu dags. 1. október 2021 og skuggavarp ASK Arkitekta ehf. dags. 30. janúar 2022 br. 7. febrúar 2022. Tillagan var auglýst frá 1. desember 2021 til og með 12. janúar 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ágúst Hilmarsson dags. 2. desember 2021, Eypór Andri Einarsson dags. 3. desember 2021, Gunnar Steinn Aðalsteinsson dags. 11. desember 2021, Guðrún Georgsdóttir dags. 6. janúar 2022, Kristín Björg Knútsdóttir dags. 6. janúar 2022, Anna Borgþórsdóttir Olsen og Pétur K. Hilmarsson dags. 10. janúar 2022, Reynir Hans Reynisson dags. 11. janúar 2022, Rósa Ólóf Ólafíudóttir dags. 11. janúar 2022, Jón Þór Ólason hrl. f.h. fasteignaeigendur á byggingarreit E við Hlíðarenda dags. 11. janúar 2022, Sigfríður Sigurðardóttir, Sigurður Haukur Magnússon, Gunnhildur Einarsdóttir og Örn Sveinsson dags. 12. janúar 2022. Einnig er lögð fram umsögn Veitna ohf. dags. 12. janúar 2022 og umsögn fulltrúa í Íbúaráði Miðborgar og Hlíða dags. 13. janúar 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 21. janúar 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögninni.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. janúar 2022.
Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Með breytingunni er verið að fjölga íbúðum um 420-460 með því að breyta fyrirhuguðu atvinnuhúsnæði sem meðal annars átti að verða hótél í íbúðir og að heimila íbúðauppbyggingu á nýrri lóð, lóð I. Umrætt svæði er íbúðasvæði skv. aðalskipulagi og það er jákvætt fyrir hverfið í heild sinni að byggt sé á því auk þess sem það veitir enn fleirum tækifæri til að njóta þess að búa þar. Fjölgun íbúða skapar forsendur fyrir matvöruverslun og annarri þjónustu sem bent hefur verið á að vanti inn í hverfið. Við leggjum áherslu á að byggingar á I-lóð verði hannaðar þannig að auðvelt verði að stækka þær þannig að þær falli að endanlegu gatnamynstri Vatnsmýrarinnar þegar flugvöllurinn fer. Hlíðarendahverfið stækkar og eflist við þessar breytingar sem eru í fullu samræmi við markmið aðalskipulags. Verið er að uppfæra eldra heildarskipulag og við viljum við þá vinnu leggja sérstaka áherslu á lifandi götummynd með gegnumgangi, sérafnotarýmum úti við götu og þá þróun að leysa bílastæði frekar í miðlægum bílastæðahúsum en í bílakjallara. Við teljum mikilvægt að sú hugmyndafræði verði höfð að leiðarljósi við áframhaldandi þróun skipulags á Hlíðarendasvæðinu.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að tryggja skóla og leikskólarými fyrir hverfið samhliða því að verið er að breyta atvinnulóðum í íbúðarhúsnæði. Í gangi er rýning á framtíðarnýtingu Vörðuskóla, en jafnframt eru mikil tækifæri fólgin í húsnæði Tækniskólans sem mun losna á næstu árum.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er með ólíkindum að hægt sé með einu pennastriki að umbreyta heilu svæðunum frá upphaflegu skipulagi. Hér er verið að umbreyta 3 lóðum og í umsögnum hagsmunaaðila eru réttmæt rök fyrir því að um fullkomin forsendubrest að ræða. Hugmyndirnar um þjónustu á fyrstu hæðum í nýbyggingum hafa brostið og nú þegar er farið að breyta atvinnuhúsnæði í íbúðir á nokkrum reitum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Málið er um að breyta deiliskipulagi Hlíðarenda vegna reita G, H og I. Í breytingunni felst að breyta lóðum G og H úr atvinnulóðum í íbúðalóðir, breyta opnu svæði til bráðabirgða í íbúðalóð, I, fjölga íbúðum og breyta bílastæðakröfum til samræmis við bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar. Við þetta er sýnt að mati fulltrúa Flokks fólksins að umferð um Nauthólsveg mun aukast, t.a.m. vegna uppbyggingar námsmannaíbúða við Nauthólsveg og uppbyggingar í Skerjafirði og brúar yfir Fossvog. Núverandi íbúar kvarta einkum yfir því að skerða eigi grænt svæði sem þó er sagt vera framtíðar byggingarreitur og gert er ráð fyrir 460 íbúðum. Græna svæðið er mikið notað á hverjum degi hjá íbúum hverfisins hvort sem það eru börn með fullorðnum eða hundaeigendur. Fulltrúi Flokks fólksins sér að þarna er gott færi á að koma til móts við íbúa og Íbúaráð vill að það verði athugað með formlegum hætti, umfram það sem gert hefur verið til þessa álit íbúa á Hlíðarenda á að byggt verði á reit I. Þetta er sameiginlegt grænt svæði og líkur á að íbúar vilji halda í það til sameiginlegra afnota. Fulltrúi Flokks fólksins leggur áherslu á að þetta verði gert.

(B) Byggingarmál

8. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1149 frá 1. febrúar 2022.

(E) Samgöngumál

9. Flutningur á deilibílastæði fyrir ALP hf. Mál nr. US220035
(Zipcar), tillaga - USK22020001

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 4. febrúar 2022:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki að úthluta ALP hf. bílastæði fyrir deilibíl í Þórunnartúni, fyrir framan hús nr. 6.

Samþykkt.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Katrín Atladóttir, vísar af fundi undir þessum lið.

(C) Ýmis mál

10. Vetrarþjónusta á göngu- og hjólastígum, Mál nr. US220036

Til umræðu.

Skipulags- og samgönguráð og áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ráðið óskar eftir að fá yfirlit um vetrarþjónustu á göngu- og hjólastígum og götum á næsta fund ráðsins

11. Loftlagsstefna fyrir höfuðborgarsvæðið, Mál nr. US220028
sóknaráætlun 2020-2024, umsögn -
USK22010115

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. febrúar 2022.

Vísað aftur til umhverfis- og skipulagssviðs til frekari umsagnar.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti skipulags- og samgönguráðs gerir eftirfarandi athugasemdir við loftlagsstefnu Höfuðborgarsvæðisins: a) Borgarlínan er stærsta loftslagsaðgerð og framkvæmd í samgöngumálum áratugarins á næstu árum. Hún þarf að vera nefnd með beinum hætti í aðgerðarlista. b) Rétt er að nefna þau sóknarfæri sem ný samgöngutækni á borð við örflæði hefur í för með sér. c) Endurskoða þyrfti bílastæðareglur á höfuðborgarsvæðinu og stefna markvisst að fækkun bílastæða og aukinni gjaldtöku vegna þeirra. d) Þétting byggðar er gríðarlega mikilvæg loftslagsaðgerð sem þarf að nefna með beinum hætti í aðgerðarlista. e) Mikilvægt að skoða umhverfisvænar samgöngur til og frá höfuðborgarsvæðinu og halda möguleikum á sporbundnum samgöngum opnum. f) Vinna þarf að uppbyggingu hjólastíganets fyrir höfuðborgarsvæðið og nálæg svæði. g) Rétt er að stefnan verði metin á 1-2 ára fresti og auk gagna um stöðuna varðandi losun sé gagna aflað um stöðu mismunandi sveitarfélaga við innleiðingu markmiðanna. Að auki telur meirihluti skipulags- og samgönguráðs að markmið loftlagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið þurfi að vera skuldbindandi fyrir sveitarfélögin. Formaður mun leggja til að málinu sé vísað til sviðsins að nýju.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Nú er almenningur að leiða orkuskipti í samgöngum og rafbílavæðing gengur betur á Íslandi en í flestum öðrum löndum. Ekki liggur fyrir greining á því að borgarlína minnki losun ef valkostirnir eru rafbílur. Í loftlagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið segir orðrétt: „Í spánni er gert ráð fyrir að fluglestin verði orðin að veruleika árið 2040 en ekki er tekin afstaða til Borgarlínunnar þar sem gert er ráð fyrir að samgöngur færast smám saman yfir á raforku og að þá skipti ekki máli hvort það er með Borgarlínunni, rafmagnsstrætisvögnum eða rafbílum“

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er hjákátlegt að vísa umsögn um loftlagsstefnu aftur til sviðsins. Hún er ekki nógu pólitísk að áliti meirihlutans. Í dag er hvert einasta mál hjá borginni orðið að „loftslagsmálum“ til að geta haldið áfram að skuldsetja borgina með uppfinningunni „grænum skuldabréfum“.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hluti loftlagsstefnunnar er til bóta. Sjálfsgagt er að minnka sóun, nýta efni og orku betur en nú er gert, styðja við uppbyggingu innviða sem gera göngu, hjóltreiddar og almenningssamgöngur að samkeppnishæfum ferðamáta. Samþætting skipulags byggðar og samgangna á að stuðla að því að íbúar hafi val um að sækja verslun, þjónustu og atvinnu án langra ferða. Kaflinn um orkuskiptin er rýr. Stefnt er að því að allar samgöngur á svæðinu, verði án jarðeldsneytis og þess í stað knúnar af orkugjöfum sem aðeins leiða til óverulegrar losunar gróðurhúsalofttegunda (t.d. rafmagni,

vetni, metan eða rafeldsneyti). Hér er verið að bera saman fjóra orkugjafa og þeir lagðir að jöfnu en því fer fjarri að það sé hægt. Metan er verðlaust á söfnunarstað og þess vegna á að nýta það að fullu. Rafmagn nýtist vel, einkum ef farartæki eru sítengd rafmagnslínu eins og þekkist í nágrannalöndunum. En framleiðsla vetnis með rafgreiningu sem er eini kosturinn hér á landi krefst mikillar orku því orkunýting þess ferils er lítil. Rafeldsneyti er líka dýrt. Í svona áætlun verður að bera saman kosti með tilliti til kostnaðar. Án þess er ekki hægt að meta kostina.

12. Hverfisgata 98A, 100 og 100A, (01.174.1) Mál nr. SN210662
breyting á deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 20. janúar 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1, vegna lóðanna nr. 98A, 100 og 100A við Hverfisgötu.

13. Starmýri 2, breyting á deiliskipulagi (01.283.0) Mál nr. SN210700

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 20. janúar 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Safamýri - Álftamýri vegna lóðarinnar nr. 2A við Starmýri.

14. Guðríðarstígur 6-8, (04.121.4) Mál nr. SN210621
breyting á deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 20. janúar 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Guðríðarstígs 6-8.

15. Hlemmur, reitur 1.240, Umferðarskipulag, (01.2) Mál nr. SN210185
breyting á deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. febrúar 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlemms og nágrennis, stgr. 1.240.

16. Húsverndarsjóður Reykjavíkur 2022, Mál nr. US220001
skipan vinnuhóps 2022

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 20. janúar 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á yfirliti verkefnis og hlutverks vinnuhóps um yfirferð umsókna til Húsverndarsjóðs Reykjavíkurborgar 2022.

17. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Mál nr. US210203
Laugardals, Háaleitis og Bústaða,
um bætt hjólastólaaðgengi í grunnskólum
og félagsmiðstöðvum, umsögn -
R21060147, USK2021060084

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda- og viðhalds, dags. 1. febrúar 2022.

Skipulags- og samgönguráð leggur fram svohljóðandi breytingartillögu:

Skrifstofu framkvæmda og viðhalds í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks að er falið að yfirfara aðgengi fyrir hjólastóla í grunnskólum og félagsmiðstöðvum. Lagt er til að áfangaskipt aðgerðaráætlun verði unnin á árinu 2022.

Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins styður tillögu ungmennaráðsins um að bæta aðgengi fatlaðra í grunnskólum og félagsmiðstöðvum. Fyrsta skrefið er að yfirfara aðgengi fyrir hjólastóla og skoða hvernig það er háttað í dag. Hefja þarf verkið sem fyrst og reyna að ljúka því eigi síðar en í árslok 2022 að mati fulltrúa Flokks fólksins.

18. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins, varðandi jarðvegmengun, umsögn Mál nr. US210336

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 7. febrúar 2022.

19. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, um byggingarmagn lóða þar sem bensinstöðvar munu víkja, umsögn Mál nr. US210345

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 7. febrúar 2022.

20. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um Smyrilshlíð Mál nr. US220023

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á skipulagi í Smyrilshlíð 2 (n.t.t. íbúð 502) og hvernig grenndaráhrif hún muni hafa? Einnig hvaða áhrif mun breytingarnar muni hafa á birtu/skuggavarp.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

21. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, varðandi íbúa við Hlemm Mál nr. US220026

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að fundinn verði staður fyrir djúpgáma við Hlemm. Við Hlemm býr fólks sem átt hefur í mesta basli með að koma frá sér sorpi. Einnig er lagt til að íbúum Hlemm verið gefið formlegt leyfi til að aka bíl sínum upp að dyrum til að afferma vörur/vistir eða ef flytja þarf þunga hluti inn á heimilið.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

22. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurnir, vegna lóða og byggingarrétta Mál nr. US220033

1. Hafa olúfélögin og þau félög sem fengu gefins lóðir í bensinstöðvasamningnum kynnt fyrir skipulagsyfirvöldum hugmyndir sínar að uppbygginu á lóðunum og tillögur að breyttu deiliskipulagi?
 2. Hvenær er áætlað að hefja vinnu við deiliskipulagsgerð þessara lóða?
 3. Hvenær er áætlað að deiluskipulagsgerð lóðanna ljúki?
- Lóðirnar sem um ræðir eru:
- a) Álfheimar 49
 - b) Álfabakki 7

- c) Egilsgata 5
- d) Ægisíða 102
- e) Hringbraut 12
- f) Stóragerði 40
- g) Skógarsel 10
- h) Elliðabraut 2
- i) Rofabær 39
- j) Birkimelur 1
- k) Skógarhlíð 16
- l) Suðurfell 4.

1. Hafa einhverjir aðilar sem sjá um minjavernd átt í viðræðum við Reykjavíkurborg vegna mannvirkja á einhverri þessara lóða?
2. Ef svo er hvaða stofnun hefur gert athugasemdir?
3. Ef svo er - mannvirki á hvaða lóðum er um að ræða?
4. Ef svo er - hefur viðkomandi stofnun minjaverndar óskað eftir að fyrirhugað niðurrif verði stöðvað?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

23. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um fyrirkomulag meðan á framkvæmdum stendur Mál nr. US220037

Samkvæmt skipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið stendur til að setja Sæbraut og Miklubraut í stokk á tímabilinu 2023 - 2026. Á Sæbraut verður á framkvæmdatíma gert ráð fyrir því að umferð um Sæbraut verði breytt í 1 plús 1 í stað 2 plús 2. Óljóst er hvort það sama gildi um Miklubraut en þó er ljóst að umferð mun þrengjast mjög á þessum tíma og a.m.k. á einhverjum tímamarki í 1 plús 1. Í þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið er gert ráð fyrir því að Suðurlandsbraut verði með tilkomu Borgarlínu breytt í 1 plús 1 í stað 2 plús 2. Líklega munu þær breytingar skarast í tíma við framkvæmdir við Sæbraut og Miklubraut. Í ljósi þessa: Hefur verið kannað hvaða áhrif þetta hefur á umferð og hafa verið skipulagðar einhverjar mótvægisáðgerðir til að greiða fyrir umferð á framkvæmdatíma?

Frestað.

24. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um Gufunes, Loftkastala Mál nr. US220038

Fyrirspurnir Flokks fólksins vegna lóðanna Gufunesvegur 34. Þengilsbás 1 sem skipt var í tvennt. Reykjavíkurborg setti sem eitt af skilyrðum framkvæmdaleyfis að það yrði samráð um sveigjanleika með m.a. aðkomu og innkeyrslur í útgefnu framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð og fl. í Gufunesi. Einnig hefur skipulagshöfundur sent frá sér yfirlýsingu þess efnis að mikið hafi borið af leið frá kynntu skipulagi. Nú situr borgarþingi uppi með skertar eignir vegna samskipta- og samráðsleysis. Vandinn snýr að því að það er ekki sama gólfhæð í tveimur samliggjandi húsum en þessi mismunandi hæð hindrar nýtingu þar sem ekki er hægt að renna stórum hlutum, leikmunum, á milli húsa. Staðan er núna óásættanleg. Af gögnum má ráða að gefið hafi verið út framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð í Gufunesi sem ekki fellur að þeim húsum sem fyrir eru í Gufunesi? Þessi gatnagerð hindrar nýtingu húsa Loftkastalans. Fulltrúi Flokks fólksins spyr: Hvernig á að nýta húsnæði ef engin er aðkoman og gatnagerð í Gufunesi fellur ekki að þeim húsum sem fyrir eru? Spurt er einnig: Á eftir að hafa þetta samráð við lóðarhafa t.d. þegar kemur að lokaútfærslu lóðar og hvernig lóðin tengist götunni? Hvenær á að ganga í þetta mál og leysa það?

Lofkastalinn þarf að fá úrlausn mála sinna þannig að hægt sé að renna stórum hlutum á milli húsa.

Frestað.

25. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um merkingar og sektir á Bryggjugötu 4 Mál nr. US220039

Fyrirspurn Flokks fólksins um merkingar á vistgötu og sektir í aðkeyrslu að Edition Hótel við höfnina. Aðkeyrslan að hótelinu er þannig að það er pláss fyrir bíla á svokallaðri vistgötu en þarna er merkingum ábótavant og óljóst hvort megi leggja þarna. Dæmi eru um að fólk hafi lagt þarna í góðri trú til að sinna erindum en fengið síðan háa sekt. Þarna er bann við lagningu í vistgötu nema í sérmerktum stæðum en litlar sem engar merkingar eru um að þarna sé vistgata og óheimilt að leggja. Fulltrúi Flokks fólksins fékk þá upplifun við að heyra lýsingar fólks sem lent hafa í þessu að það sé eins og verið sé að að leiða fólk í gildru. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum frá Bílastæðasjóði um merkingar á þessari götu og á þessum stað nákvæmlega sem er Bryggjugata (101) 4 og hvort talið sé að þær séu nægjanlegar? Óskað er einnig upplýsinga um hvað margir hafa verið sektaðir nákvæmlega þarna á þessum svæði sem fyrirspurnin snýr að?

Frestað.

26. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um sektir vegna stöðubrota í miðbænum Mál nr. US220040

Fyrirspurn um yfirlit yfir sektir vegna stöðubrota í miðbænum. Fulltrúa Flokks fólksins hefur borist ábendingar og kvartanir vegna innheimtu Bílastæðasjóðs. Kvartað er yfir óvægnum aðferðum þar sem fólk upplifir jafnvel að verið sé að leiða sig í gildru með því að hafa merkingar ábótavant. Margt er að breytast í miðbænum og ekki allir átta sig á þessum breytingum enda breytingar örar. Sums staðar eru merkingar ekki nógu góðar eða hreinlega ábótavant t.d. þar sem er algert stöðubann. Einnig eru víða framkvæmdasvæði sem byrgja sýn. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að sjá sundurliðað yfirlit yfir þá staði sem mest er sektað vegna stöðubrots.

Frestað.

27. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem fara fram hjá útgönguleiðum bílastæðahúsa Mál nr. US220041

Tillaga Flokks fólksins að skipulags- og samgöngusvið kanni öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem fara fram hjá útgönguleiðum bílastæðahúsa. Vegfarendur sjá ekki að bíll er á leiðinni út, enda ekið út úr húsi. Oft hefur legið við slysi þegar bíll kemur akandi út úr bílastæðahús/kjallara og ökumaður gætir ekki að því að á sama tíma gæti hjólandi eða gangandi vegfarandi verið að fara fram hjá. Þarna þarf að merkja vel báðu megin frá, bæði fyrir ökumann sem er að aka út úr bílastæðahúsi, að hann sé minntur á að aka löturhægt út þar sem gangandi eða hjólandi gæti verið að fara fram hjá. Að sama skapi þarf að vera áberandi skilti á gangstétt áður en kemur að útkeyrslu bílastæðahúss þar sem náð er athygli vegfarenda að bíll gæti skyndilega ekið út úr bílastæðahúsinu.

Frestað.

28. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um bættu þverun yfir Geirsgötu Mál nr. US220042

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að þverun verði bætt frá Edition hótél og yfir Geirsgötuna vegna mikillar umferðar. Næsta göngubraut er a.m.k. um 70 metra í átt að Kolaportinu. Hér þarf að bæta úr áður en umferðarslys verður.

Frestað.

29. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um orkuskiot í samgöngum Mál nr. US220043

Fyrirspurn frá Flokki fólksins um orkukosti í samgöngum. Í Loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar eru meðal annars nefndir orkukostir í samgöngum þar sem ekki er annað að sjá að notkun rafmagns, vetnis, metans og rafeldsneyti séu lagðir að jöfnu. Þekkt er að metan er verðlaust á söfnunarstað og rafmagn er góður kostur. Rafmagn er hægt að hlaða á rafgeyma og það má einnig nota á farartæki sem eru sí tengd við rafmagn. Bæði lestir og strætisvagnar eru knúin með þessum hætti víða um lönd. En notkun vetnis og rafeldsneytis er ekki eins útbreitt. Fulltrúi Flokk fólksins spyr um samanburð á orkugjöfunum metani, rafmagns, vetni, og rafeldsneyti. Hver er orkunýting við framleiðslu vetnis og rafeldsneytis? Hafi slíkur samanburður ekki verið gerður er farið fram á að það verði gert, annars er ekki hægt að bera kostina saman.

Frestað.

30. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, vegna umferðar á Lækjargötu Mál nr. US220044

Hluti Lækjargötu hefur verið lokaður fyrir umferð síðan í maí 2018 vegna hótelframkvæmda og hefur borgin einungis fengið í sinn hlut rúmar 100 þúsund krónur fyrir að leigja þennan hluta götunnar til byggingaraðila. Hvenær stendur til að opna götuna á ný fyrir bílaumferð?

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið kl. 10:43**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Pawel Bartoszek

Dóra Björt Guðjónsdóttir
Hjálmar Sveinsson
Ólafur Kr. Guðmundsson

Ragna Sigurðardóttir
Eypór Laxdal Arnalds
Katrín Atladóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2022, þriðjudaginn 1. febrúar kl. 10:25 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1149. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erla Bjarný Jónsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Nikulás Úlfar Másson, Guðrún Ósk Hrólfsdóttir og Edda Þórsdóttir
Fundarritari var Erla Bjarný Jónsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Ármúli 13 (12.631.03) 186269 Mál nr. BN060479
640809-0350 LF1 ehf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059075 þannig að innra skipulagi og tilhögun á skrifstofum og í fundarherbergjum er breytt lítillega í rými 0101 á 1. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.05, á lóð nr. 13 við Ármúla.
Erindi fylgir greinargerð verkfræðistofunnar Örugg efh um brunahönnun dags. 17. janúar 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðalteikningu samþykktri 23. nóvember 2021.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
2. Ármúli 32 (12.932.01) 103808 Mál nr. BN060505
660402-6750 Sameind ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta aðkomu við aðalinngang, fækka bílastæðum, síkka gluggum á norðausturhlíð, bæta við loftræsikerfi á þak bakhúss, inngangur starfsmanna að verönd færður, veggur og hurð við kæli fjarlægður, tilbúinn kæli settur inn í stað þess, lagna/tæknirými stækkað, þrepum bætt við í stað pallalyftu og handlaug færð í blóðtökuherbergi í húsi á lóð nr. 32 við Ármúla.
Stærð: Óbreytt
Gjald kr.12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
3. Bíldshöfði 9 (40.620.01) 110629 Mál nr. BN060432
Guðmundur Oddur Víðisson, Litla-Tunga, 276 Mosfellsbær
521009-1010 Reginn atvinnuhúsnæði ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta verslun á 1. hæð í skrifstofur og aðstöðu til viðgerðar á tölvubúnaði, koma fyrir vörumóttökuhurð á norðurhlíð auk þess sem inngangur á norðurhlíð er færður til á húsi nr. 2 við Dvergshöfða á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.
Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 19. janúar 2022.
Gjald kr.12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
4. Borgartún 28 (12.301.01) 102912 Mál nr. BN060507
Orri Árnason, Kópavogsbarð 6, 200 Kópavogur
Sigurður Páll Harðarson, Álmskógar 13, 300 Akranes

Sótt er um leyfi til að hækka gólf í alrými íbúðar 0701 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 28 við Borgartún.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

5. Borgartún 6 (12.200.02) 102778 Mál nr. BN060294
620402-3110 Mýrarrauði ehf., Kópavogsbraut 20, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN058905, þannig að hætt er við svalir fyrir íbúðir 0401 og 0402 og er vísað til svara í turni auk þess sem gerðar eru breytingar á innra skipulagi íbúða í húsi á lóð nr. 6 við Borgartún.
Gjald kr.12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
6. Brautarholt 2 (12.412.01) 103019 Mál nr. BN060340
670812-0810 Alma C ehf., Sundagörðum 8, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, í rými 0102 verður gerð kaffibrennsla og í rými 0101 kaffihús í fl II, tegund e, fyrir 64 gesti, á fyrstu hæð verður gert framleiðslueldhús, gestamóttöku breytt í fundarrými og komið fyrir útloftun frá kaffibrennslu og framleiðslueldhúsi í húsi á lóð nr. 2 við Brautarholt.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
7. Bræðraborgarstígur 19 (11.370.07) 100639 Mál nr. BN060281
